

Fyrirspurn frá fulltrúa Samfylkingar

Hækkun á leigu félagslegra íbúða:

1. Í ljósi gjaldskrárhækkana á gjaldskrár fjölskylduráðs er spurt hvort til standi að hækka leigu á félagslegum íbúðum hjá Hafnarfjarðarbæ? a. Ef svo er, hversu mikil er sú hækkun?

Það er umhverfis- og framkvæmdaráð sem tekur þá ákvörðun og er hún tekin þegar fjárhagsáætlun verður samþykkt í lok nóv.

Félagslegar íbúðir:

1. Hvað eru margar félagslegar íbúðir í Hafnarfirði og hversu margar eru þær á hverja þúsund íbúa bæjarfélagsins?

Þann 1. nóvember sl. var Hafnarfjarðarbær með 268 íbúðir í félagslega kerfinu, þ.e. 260 íbúðir í eigu sveitarfélagsins, 3 íbúðir framleigðar og 5 íbúðir leigðar af ÍLS. Mannfjöldinn í Hafnarfirði er 30.000 íbúar. Í dag er hlutfallið 8,9 íbúðir / 1000 íbúa, þegar tekið er með 8 eignir sem eru framleigðar og frá ÍLS.

2. Hversu margir einstaklingar og fjölskyldur eru núna á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ?

Í dag eru 140 umsóknir á biðlista þ.e. 80 umsóknir frá einstaklingum en 60 umsóknir frá fjölskyldufólki og skiptast með eftirfarandi hætti eftir íbúðarstærð:

Stærð íbúðar	2. herb.	3. herb.	4. herb.	5. herb.
Fjöldi á biðlista	83	39	14	4

a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?

Hér er yfirlit yfir mat á umsóknum eftir félagslegu leiguhúsnæði. Þeir sem teljast í brýnni þörf ná 8-10 stigum á biðlista eða 79 umsóknir.

Stigafjöldi	10	9	8	7	6	5	4
Fjöldi umsókna	6	44	29	28	28	2	3

b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?

Stærð íbúðar	Biðtími í mánuðum
2. herb.	36
3. herb.	27
4. herb.	14
5. herb.	90

3. Hversu margar íbúðir hefur Hafnarfjarðarbær keypt inn í félagslega húsnæðiskerfið á síðustu fjórum árum, sundurliðað eftir árum, þ.e. 2016, 2017, 2018 og 2019?

Árið	Heildarfjöldi	2. herb.	3. herb.	4. herb.
2016	4	1	3	0
2017	7	6	1	0
2018	14	8	4	2
2019	7	6	0	1

Hafnarfirði, 5. nóvember 2019

Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri